

Erindisbréf fyrir Forvarna- og frístundaneðnd Kópavogs

I. Kafli

Skipan og umboð

1. gr.

Forvarna- og frístundaneðnd er kosin af Bæjarstjórn Kópavogsbæjar á fyrsta eða öðrum fundi, að afloknum sveitarstjórnarkosningum og fer með forvarna- og frístundamál í umboði bæjarstjórnar, skv. reglugerðum og samþykktum sveitarstjórna, áfengislögum nr. 75/1998, lögum um tóbaksvarnir 6/2002, lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010, lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999, barnaverndarlögum nr. 80/2002, lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, lögum um félagsheimili nr. 107/1970 og æskulýðslögum nr. 70/2007.

2. gr.

Forvarna- og frístundaneðnd er skipuð fimm fulltrúum og jafn mörgum til vara. Neðndin er kosin til fjögurra ára í senn. Á fyrsta fundi neðndarinnar eftir kosningu fer fram kjör formanns, varaformanns og ritara.

II. Kafli

Fundir og starfshættir

3. gr.

Deildarstjóri forvarna- og frístundadeildar er starfsmaður neðndarinnar og ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum neðndarinnar sé hrint í framkvæmd. Hann undirbýr fundi neðndarinnar, situr fundi hennar og hefur þar málfrælsi og tillögurétt.

4. gr.

Starfsmaður forvarna- og frístundaneðndar boðar fundi neðndarinnar í samráði við formann hennar.

Neðndarmanni er skylt að sækja fundi neðndarinnar nema lögmaet forföll hamli, svo sem önnur brýn skyldustörf eða veikindi. Geti neðndarmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað.

Formaður neðndar ber ábyrgð á því að samvinna sé á milli neðnda þegar það á við.

Fjöldi funda forvarna- og frístundaneðndar er ákvarðaður við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

Formanni stjórnarinnar er heimilt að taka ákvörðun um að fella niður fund ef hún byggir á málefnalegum ástæðum.

.

5. gr.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir neðndarmenn eða varamenn í forföllum aðalmanna, svo og aðrir sem seturétt eiga á fundinum, verið boðaðir með að minnsta kosti eins sólarhrings fyrirvara með skriflegri dagskrá.

Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar neðndarinnar getur fyrirvari um boðun verið skemmri.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í nefndinni þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmanna óskar þess.

Nefndarfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað og meira en helmingur nefndarmanna er mættur á fundinn. Nefndin getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

6. gr.

Um fundarsköp og málsmeðferð í nefndinni, skv. IV. kafla samþykktar um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 538/2010, fer eftir því sem við á skv. II. og III. kafla.

Formaður nefndarinnar stýrir fundum.

Fundir nefndarinnar skulu jafnar haldnir fyrir luktum dyrum. Nefndin getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Enn fremur getur nefndin boðið aðilum að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekið mál.

Þeir sem sitja fundi nefndarinnar skulu gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál er rædd kunna að vera á fundum. Þagnarskylda helst þó látið sé af þessum störfum.

7. gr.

Nefndin skal halda gerðabók og kjörinn ritari skal færa fundargerð í gerðabók. Um ritun fundargerðar gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr. samþykktar um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 538/2010.

8. gr

Forvarna- og frístundaneftnd skal við undirbúning mála og stjórnvaldsákvæðanir gæta þess að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna.

III. Kaffi

Hlutverk og markmið

9. gr

Hlutverk forvarna- og frístundaneftndar er:

- Að móta og framfylgja pólitískri stefnumörkun forvarnamála í bæjarfélaginu.
- Að móta og framfylgja pólitískri stefnumörkun frístundamála í bæjarfélaginu.
- Að fylgjast með framkvæmd frístunda- og forvarnamála með hliðsjón af stefnumörkun í málaflokkunum.
- Að sjá til þess að jafnan sé fyrir hendi viðeigandi húsnæði/aðstaða fyrir starfsemi frístundastofnana.
- Að starfa í umboði bæjarstjórnar/bæjarráðs og vera til ráðgjafar um forvarna- og frístundamál.
- Að starfa samkvæmt samþykkttri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins hverju sinni.
- Að fara að öðru leyti með verkefni á sviði forvarna- og frístundamála sem nefndinni eru falin af bæjarráði, bæjarstjórn og/eða samkvæmt lögum.

Markmiðum sínum leitast forvarna- og frístundaneftndin við að ná með því að:

- Sjá um gerð forvarnaáætlunar í Kópavogi.
- Sjá um gerð frístundaáætlunar í Kópavogi.

- Stuðla að því að sjónarmið forvarna- og frístunda, í víðtækum skilningi, séu fléttuð í alla stefnumótun og aðgerðir á vegum bæjarins.
- Fylgjast með því að forvarnastyrkir bæjarins nýtist samkvæmt þeim markmiðum sem þeir eru veittir til.
- Eiga aðild að og hafa frumkvæði að gerð skoðana-/viðhorfskannana um þjónustu sveitarfélagsins á sviði forvarna- og frístundamála.
- Að stuðla að því að ávallt liggi fyrir sem gleggstar upplýsingar um forvarna- og frístundamál í Kópavogi þannig að veita megi íbúum Kópavogs upplýsingar um þá þjónustu sem í boði er á vegum bæjarfélagsins og annarra aðila.

10. gr.

Ákvarðanir forvarna- og frístundaneftndar taka formlega gildi við staðfestingu í bæjarstjórn.

Fundargerðir forvarna- og frístundaneftndar skulu lagðar fyrir bæjarstjórn til kynningar og samþykktar nema um sé að ræða tillögur um fjárútlát utan fjárhagsáætlunar. Slíkum tillögum skal vísað til bæjarráðs.

11. Gr.

Forvarna- og frístundaneftnd skal vinna að stefnumörkun í forvarna- og frístundamálum. Vinna að aukinni forvarnafræðslu á meðal íbúa í Kópavogi, starfsmanna Kópavogsbæjar og hafa samstarf við þá aðila sem að forvarnamálum vinna. Einnig að hvetja bæjarbúa til þátttöku í skipulögðu frístundastarfi í bæjarfélaginu.

IV. Kafli

Hæfi og skyldur nefndarmanna

12. gr.

Forvarna- og frístundarneftnd skal leitast við í allri sinni ákvarðanatöku að hafa hagsmuni allra bæjarbúa að leiðarljósi. Það leggur þær skyldur á fulltrúa í nefndinni að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa er þeir tengjast eða tilheyrja.

Kjörnir fulltrúar, nefndarmenn og stjórnendur sem sitja í stjórnunum í einkareknum eða opinberum félögum, sem gætu átt hagsmuna að gæta vegna beinna eða óbeinna viðskipta við bæjarfélagið, skulu upplýsa um það. Að öðru vísast til samþykktar bæjarstjórnar frá 12. maí 2009, um siðareglur kjörinna bæjarfulltrúa og stjórnenda.

13. gr.

Frístunda- og forvarnaneftnd hlutast ekki til um daglegan rekstur og starfsemi þeirra stofnana sem heyra undir ábyrgðar- og eftirlitssvið hennar. Nefndin hefur ekki boðvald yfir starfsfólki stofnana né starfsfólki frístunda- og forvarnadeildar menntasviðs. Kjörnir fulltrúar koma ekki að ráðningarvaldi umfram lögboðnar umsagnir, sbr. 61. og 62. grein bæjarmálasamþykktar.

Rekstur stofnana, starfsmannamál og gerð fjárhagsáætlunar er á ábyrgð sviðsstjóra menntasviðs og deildarstjóra frístunda- og forvarnadeildar. Forstöðumenn stofnana eru ábyrgir innan embættismannakerfisins fyrir rekstri og starfsemi sinnar stofnunar og ábyrgir gagnvart sínum næsta yfirmanni.

Nefndin kemur ákvörðunum sínum og stefnumótun í framkvæmd með formlegum samþykktum á lögmætum fundum. Deildarstjóri frístunda- og forvarnadeildar fylgir samþykktum nefndarinnar eftir.

V. Kafli
Gildistaka

14.gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar 538/2010, sbr. br.217/2011. Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í bæjarráði og bæjarstjórn Kópavogs og tekur gildi 12. janúar 2012.